

FUM, stjórnarfundur

Fundargerð

4. nóv., 2015 (kl. 9:00-10:50)

Mættir: Amalía Björnsdóttir formaður (FUM), Börkur Hansen, Elsa Eiríksdóttir, Hafdís Guðjónsdóttir og Þorlákur Axel Jónsson. Guðný Helga Gunnarsdóttir boðaði forföll.

1. *Fundargerð.* Formaður fór yfir fundargerð síðasta fundar og rifjaði upp atriði sem þar voru rædd. Kom fram að FUM var með kynningarbás á Menntakviku 2. október. Nokkur tímarit af TUM voru seld og nokkurra nýrra meðlima FUM aflað.
2. *Íðorðanefnd.* Formaður greindi frá því að fulltrúi FUM í íðorðanefnd Menntavísindasviðs, Guðrún Geirsdóttir, hefði beðið um að vera leyst frá því hlutverki vegna anna, en hún hefur starfað með nefndinni um nokkurt skeið. Guðrúnu eru þökkuð vel unnin störf í nefndinni. Nokkrar umræður urðu um hlutverk nefndarinnar og töldu fundarmenn mikilvægt að FUM styddi þessa mikilvægu starfsemi með þátttöku í nefndarstörfunum. Formanni var falið að finna fulltrúa í nefndina úr röðum félagamanna. Bent var á að e.t.v. væri heppilegt að leyta til kennara sem hefðu nýlega farið á eftirlaun við HÍ og HA. Einnig koma fram að æskilegt væri að afmarka setu í nefndinni við 1-2 ár en slík afmörkun gerði verkefnið aðgengilegra.
3. *Staða tímaritsins.* Formaður greindi frá drögum að samningi við MVS um sameiginlega útgáfu TUM-ritsins og Uppeldi og menntunar undir nýju heiti *Tímarit um uppeldi og menntun (TUM) – Icelandic Journal of Education*. Kom fram að samningur yrði undirritaður á næstu dögum. Uppgjör hefur að mestu farið fram við Háskólaútgáfuna vegna TUM-ritsins og ætti að vera hægt að greiða upp allar skuldir fyrir áramót. Einnig kom fram að Hermína Gunnþórsdóttir lektor við Háskólann á Akureyri hefði samþykkt að taka að sér hlutverk annars tveggja ritstjóra hins nýja sameinaða tímarits fyrir hönd FUM. Fjótlega þarf að tilnefna 2-3 fulltrúa FUM í ritnefnd.
4. *Starfið framundan.* Rætt var um mikilvægi þess að efla starfsemi FUM og komu fram tvær tillögur þar um:
 - a) Standa fyrir ráðstefnu 12. maí næstkomandi um aðferðafræðileg viðfangsefni og atriði þeim tengd. Meðal annars um siðferðileg atriði, nýtingu rannsóknarniðurstæðna og fleira því tengt. Í umræðu kom fram að þær ráðstefnur sem hér væru haldnar á sviði menntavísinda beindu kastljósinu einkum að niðurstöðum rannsókna svo þetta væri nýtt sjónarhorn sem hentað vel sem viðbót í þá flóru og samræmdist ágætlega hlutverki FUM. Töldu fundarmenn æskilegt að ráðstefnan yrði stutt (u.þ.b. hálfur dagur) og byggð upp með stuttum kynningum og samræðu um það sem tekið er fyrir. Ef vel tækist til mætti gera ráðstefnu FUM með þessu sniði að árvissum viðburði.

- b) Taka upp stuttar kynningar eða viðtöl við valda aðila um álitamál í rannsóknum, s.s. um siðferðileg atriði og setja á heimsíðu og fésbókarsíðu FUM. Kom fram að slíkar upptökur gætu virkað sem upphitun fyrir ráðstefnu FUM um aðferðafræðileg viðfangsefni og álitamál sbr. það sem fram kemur hér að ofan.

Börkur Hansen